



FJÖLMENNINGARSETUR
MULTICULTURAL INFORMATION CENTRE

Starfsmannastefna Fjölmenningarseturs

Starfsmannastefnu Fjölmenningarseturs er m.a. ætlað:

- Að tryggja Fjölmenningarsetri hæfa, áhugasama og trausta starfsmenn.
- Að tryggja góða vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn og leggja kapp á að aðbúnaður, hollustuhættir og starfsaðstæður séu í góðu horfi.
- Að Fjölmenningarsetur sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn sem fái tækifæri til að eflast í starfi.
- Að gott samstarf og gagnkvæmt traust ríki meðal starfsmanna.
- Að starfsmenn eigi kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og auðveldar þeim að takast á við ný og breytileg viðfangsefni.
- Að starfsmenn séu vel upplýstir um verkefni sín og skyldur og hafi yfirsýn og staðgóða þekkingu á verkefnum Fjölmenningarseturs.
- Að bæta opinbera þjónustu og auka traust almennings á Fjölmenningarsetur.
- Að stuðla að jafnrétti meðal starfsmanna Fjölmenningarseturs.
- Að auðvelda starfsmönnum að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

Það er á ábyrgð starfsmanna og stjórnenda að vinna að framangreindum markmiðum Starfsmannastefna Fjölmenningarseturs nær til þeirra sem starfa hjá Fjölmenningarsetri. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna fer að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, [nr. 70/1996](#), lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, [nr. 94/1986](#) og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, [nr. 46/1980](#).